



Fundargerð

Dags.: 2024-09-12

Frá: Ragnar Guðmundsson
Dreifing: Sveitarstjórn

Efni: Vinnuhópur vegna hönnunarvinnu á útisvæði við Sundlaugina á Borg – Fundur nr. 1.

Viðstaddir:

Ragnar Guðmundsson, ragnar@gogg.is
Björn Kristinn Pálmarsson, bjossiborg@gogg.is
Hans Guðmundur Magnússon, hansi@gogg.is
Karl Þorkelsson, ktverkefh@gmail.com

Fundur settur kl. 16:00 í stjórnsýsluhúsi á Borg.

Eftirfarandi var rætt:

- Farið yfir markmið starfshóps og bókun sveitarstjórnar vegna skipunar í vinnuhóp. Bókun sveitarstjórnar er eftirfarandi:

Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins kemur fram að fyrirhugað er að fara af stað með hönnunarvinnu á útisvæði við sundlaugina á Borg. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipa eftirfarandi í vinnuhóp til þess að fylgja verkefninu úr hlaði. Björn Kristinn Pálmarsson, Karl Þorkelsson og Hans Guðmund Magnússon forstöðumenn íþróttamiðstöðvarinnar Borg. Umsjónaraðili verkefnisins verður Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður framkvæmda- og veitna.

Eftirfarandi markmið eru sett um vinnu starfshópsins:

Markmið starfshóps er að setja fram tillögur að viðbótum við sundlaugina á Borg. Niðurstöður og afurðir skulu vera nógu ítarlegar til að sveitarstjórn geti tekið vel ígrundaða ákvörðun um framkvæmdir og áætlað fjármagn í fjárhagsáætlun. Markmið breytinga á sundlaugarsvæði skal vera að geta tekið við fleiri gestum á háannatíma, auka fjölbreytni á svæðinu og bæta þjónustu án þess að skerða öryggi sundlaugargesta eða aðgengi fyrir alla. Aukin þjónusta getur verið á formi fleiri rennibrauta, betra aðgengis, fleiri vaðlauga, heitra lauga, gufubaða, innrauðra saunaklefa eða betra rýmis/aðstöðu til viðveru og yndisauka fyrir alla aldurshópa.

Afurðir

Niðurstaða starfshóps samtekna í skýrsluformi ásamt eftirtöldum gögnum:

- Niðurstöður þarfagreiningar
- Niðurstöður valkostagreiningar
- Grunnteikningar



- Kostnaðaráætlun á frumhönnunarstigi
 - Tímaáætlun á frumhönnunarstigi
2. Vinnuhópur ræðir um núverandi sundlaugarsvæði, áskoranir, takmarkanir og rekstrarform. Hugmyndir um breytingar ræddar meðal vinnuhóps og teikningar af núverandi sundlaugarsvæði voru skoðaðar.
 3. Athuga þarf samhliða vinnu hópsins starfsleyfi sundlaugar og hvað ákvarðar hámarksfjölda gesta í lauginni. Hans athugar leyfið og sendir upplýsingar á fundarmenn. Einnig tekur Hans saman upplýsingar um notkunartölur sundlaugarinnar.
 4. Samhliða vinnunni þarf að athuga áskoranir vegna vöktunar á lauginni en núverandi fyrirkomulag er óhentugt.
 5. Farið var yfir könnun sem framkvæmd var árið 2021 vegna viðbyggingar íþróttahúss. Niðurstöður hennar og úrvinnsla er gagnleg fyrir frekari vinnu. Ákveðið að senda út sambærilega könnun vegna sundlaugarsvæðis á eftirfarandi hópa:
 - a. Notendur sundlaugar.
 - b. Íbúa sveitarfélagsins
 - c. Skóla og skólabörn

Könnunin yrði auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins og viðeigandi samfélagsmiðlum. Einnig má reikna með að auglýsing um hana verði í sundlauginn sjálfri. Skólastjórnendum Kerhólsskóla yrði falið að athuga hugmyndir meðal barna í Kerhólsskóla. Ragnar sendir fyrri könnun á fundarmenn og setur saman uppkast af könnun til rýnis og samþykkis annarra fundarmanna. Reiknað með að nota Google forms í könnuninni.

6. Farið yfir næstu skref og lögð fram tímaáætlun, sjá viðhengi.
 - Stefnt á að senda út könnun í viku 38, sama form og síðast og auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins og viðeigandi samfélagsmiðlum. Könnun keyrð í tvær vikur og reiknað með að greining niðurstöðu taki eina viku.
 - RG hefur samband við arkitekta sundlaugar vegna aðkomu þeirra að hönnun.
 - RG hefur samband við Eirík Stein Búason vegna aðkomu Verkís að kostnaðaráætlun og verkfræðihönnun.

Næsti fundur ákveðinn á síðara stigi eftir að könnun er lokið.

Fundi slitið 18:30